

Rekstrarstjórnunarkerfið

1. Hlutverk rekstrarstjórnunarkerfis

Eykt byggir starfsemi sína á samningum við utanaðkomandi aðila um verktöku við byggingarframkvæmdir. Mannvirki sem þannig verða til eru framleiðsluvara Eyktar. Rekstrarstjórnunarkerfi má líta á sem verkfæri sem fyrirtækið notar til þess að varan verði í samræmi við samninga.


2. Umfang rekstrarstjórnunarkerfisins

Rekstrarstjórnunarkerfið skal ná utan um gæði allra verkþátta í þeim verkefnum sem Eykt vinnur að hverju sinni. Rekstrarstjórnunarkerfið nær yfir gæða-, umhverfis-, öryggis- og heilsumál Eyktar. Helstu notendur rekstrarstjórnunarkerfisins eru starfsmenn Eyktar, sem vinna í samræmi við kröfur sem eru gerðar í kerfinu. Markmiðið með notkun rekstrarstjórnunarkerfisins er aukin gæði og betri framleiðni sem skilar sér í ánægðari viðskiptavinum og betri afkomu fyrirtækisins.

3. Skipulag

Kerfið er byggt upp í samræmi við ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Skjalið lýsir skjalfestingu og uppbyggingu rekstrarstjórnunarkerfis sem Eykt beitir við starfsemi sína. Skjalið sýnir tilvísanir frá ÍST EN ISO 9001:2015, 14001:2015 og 45001:2018 til skjala rekstrarstjórnunarkerfisins til staðfestingar á því að kröfur staðlana séu uppfylltar.

Rekstrarhandbók Eyktar er í rafrænu formi. Rekstrarhandbók samanstendur af stefnuskjölum, verklagsreglum, leiðbeiningar skjölum og eyðublöðum.



Gæðaráð er skipað fjórum starfsmönnum, sem annast skjalfestingu og skipulag rekstrarstjórnunarkerfisins, ásamt því að meta árangur af notkun rekstrarstjórnunarkerfisins.

4. Rekstrarhandbók, stefnuskjöl

Stefnuskjöl segja til um hvernig rekstrarstjórnunarkerfið uppfyllir kröfur staðalsins.

Eftirfarandi stefnuskjöl tilheyra handbókinni:

[STE-0117 Rekstrarstjórnunarkerfið](#)

[STE-0175 Rekstrarstefna](#)

[STE-0119 Stjórnskipulag](#)

[STE-0121 Ferill verkefna–Áhættur & Tækifæri](#)

[STE-0122 Hagsmunaaðilar og áhrifabættir](#)

[STE-0125 Innkaupastefna](#)

[STE-0126 Áætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[STE-0139 Starfsmannastefna](#)

[STE-0142 Rekstrarmarkmið](#)

5. Rekstrarhandbók, verklagsreglur

Rekstrarhandbók, inniheldur verklagsreglur sem lýsa ferlum. Í verklagsreglum koma fram afmörkun ferla, röð þeirra og samverkan. Verklagsreglur innihalda ábyrgð og verklag fyrir einstök verk og eru skipulagðar í samræmi við starfsemi Eyktar.

6. Rekstrarhandbók, leiðbeiningarskjöl

Rekstrarhandbók, inniheldur leiðbeiningar skjöl sem gefa nánari lýsingu á ýmsum þáttum og áföngum framleiðslunnar.

7. Orðskýringar og skilgreiningar

Má finna [í LEI-0044 Orðskýringar og skilgreiningar](#) fyrir rekstrarstjórnunarkerfið .

8. Rekstrarstjórnunarkerfi í daglegu starfi

Staðlarnir gera kröfu um skjalfestingu og skráningu ýmissa þátta og áfanga framleiðslunnar. Algengast er annars vegar krafa um að skrá vitneskju og hins vegar skjalfesting á að unnið sé í samræmi við fyrirmæli.

9. Aðferðir við gæða-, öryggis- og umhverfisstjórnina

Starfsmenn verður vart við rekstrarstjórnunarkerfið vegna gátlista og eyðublaða sem innleidd hafa verið. Gátlisti vegna ákveðins verkþáttar tilgreinir hvaða atriðum skal sérstaklega fylgjast með við vinnslu verkþáttarins og eftir föngum hvaða viðmið gilda um þessi atriði. Atriðin geta verið

margvísleg, svo sem áminningar um að yfirfara tækjabúnað, kröfur til sléttleika yfirborðs, að mælingar sem verkkaupi gerir kröfu um séu framkvæmdar o.s.frv.

10. Frábrigði - Skilgreining


Mikilvæg krafa í ISO 9001 er að fyrirtækið vinni sífellt að því að bæta starfsemina. Það eru gerð mistök og það verða áfram gerð mistök. ISO 9001 staðallinn notar orðið „frábrigði“ yfir það sem fer úrskaiðis. Einn mikilvægasti tilgangur rekstrarstjórnunarkerfis er að skapa forsendur til að læra af mistökum og forða því að falla ítrekað í sömu gryfju. Til þess að svo megi verða á að skrá frábrigði og bregðast við þeim. Einnig skal tileinka sér hugsunina „Hvað get ég gert svo aðrir geri ekki mistök?“.

11. Framlag hvers og eins er mikilvægt

Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og sama má segja um alla framleiðslu. Framlag hvers og eins skiptir máli og öllum starfsmönnum ber því ávallt að vanda til verka og hafa rétt gæði útkomunnar að leiðarljósi.

12. Rekstrarstjórnunarkerfi Eyktar sem ferli – PDCA hringurinn

Þar sem P: Plana, D: gera, C: skoða og A: Bæta.



Tilvísanir:

[LEI-0044 Orðskýringar og skilgreiningar](#)

[STE-0117 Rekstrarstjórnunarkerfið](#)

[STE-0175 Rekstrarstefna](#)

[STE-0119 Stjórnskipulag](#)

[STE-0121 Ferill verkefna–Áhættur & Tækifæri](#)

[STE-0122 Hagsmunaaðilar og áhrifabættir](#)

[STE-0125 Innkaupastefna](#)

[STE-0126 Áætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[STE-0139 Starfsmannastefna](#)

[STE-0142 Rekstrarmarkmið](#)